

## Minnisblað

Svar við fyrirspurn Samfylkingarinnar varðandi félagslegar íbúðir.

Á fundi Fjölskylduráðs þann 17. ágúst 2018 lagði fulltrúi Samfylkingarinnar fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Félagslegar íbúðir.

1. Hvað eru margar félagslegar íbúðir í Hafnarfirði og hversu margar þyrftu þær að vera svo þær teldust jafn margar og í Reykjavík að teknu tilliti til íbúafjölda?
2. Hversu margir einstaklingar og fjölskyldur eru núna á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ?
  - a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?
  - b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?
3. Hversu margar íbúðir hefur Hafnarfjarðarbær keypt inn í félagslega húsnæðiskerfið á síðustu fjórum árum, sundurliðað eftir árum, þ.e. 2014, 2015, 2016 og 2017?“

Eftirfarandi eru svör við fyrirspurninni:

**1. Hvað eru margar félagslegar íbúðir í Hafnarfirði og hversu margar þyrftu þær að vera svo þær teldust jafn margar og í Reykjavík að teknu tilliti til íbúafjölda?**

	Íbúafjöldi	félagslegar íbúðar
Reykjavík	126.000	2050
Hafnarfjörður	29.400	257

Til samanburðar við Reykjavík og með tilliti til íbúafjölda, þyrfti Hafnarfjarðarbær að hafa 478 félagslegar íbúðir til umráða.

**Leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga í lok árs 2015:**

Sveitarfélag	Fjöldi íbúa 1. desember 2015	Fjöldi félagslegra leiguíbúða	Íbúðir fyrir aldraða	Íbúðir fyrir fatlaða	Aðrar leiguíbúðir	Heildar-fjöldi leiguíbúða	Íbúðir pr. 1000 íbúa	Félagslegar íbúðir pr. 1000
Reykjavík (FB)	122.460	1.901	307	118	0	2.326	19,0	15,5
Kópavogsbær	34.140	312	87	35	0	434	12,7	9,1
Seltjarnarnesbær	4.415	6	4	5	0	15	3,4	1,4
Garðabær	14.717	17	5	6	7	35	2,4	1,2
Hafnarfjarðarkaupstaður	28.189	224	14	9		247	8,8	7,9
Akureyrarkaupstaður	18.294	224	23	54	3	304	16,6	12,2
Önnur sveitarfélög	110.314	797	486	72	276	1.631	14,8	7,2
<b>Landið allt</b>	<b>332.529</b>	<b>3.481</b>	<b>926</b>	<b>299</b>	<b>286</b>	<b>4.992</b>	<b>15,0</b>	<b>10,5</b>

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir félagslegar íbúðir í Hafnarfirði.

Eigendur	Fjöldi
Hafnarfjarðarbær	249
Íbúðalánasjóður	3
Framlína	5
<b>Heildarfjöldi íbúða</b>	<b>257</b>

## **2. Hversu margir einstaklingar og fjölskyldur eru núna á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ?**

### **a. Hversu margir á biðlistanum teljast í brýnni þörf eftir húsnæði?**

Starfsfólk fjölskylduþjónustunnar er þessa dagana að endurmeta umsóknir á biðlista um félagslegt leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ. Skv. núverandi biðlista eru 67 umsóknir, 29 umsóknir metnar í brýnni þörf eftir húsnæði þ.e. með 8-10 stig í mati, 18 umsóknir eru frá barnlausum einstaklingum og í 11 umsóknum eru samtals 15 börn á framfæri umsækjenda.

Til samanburðar þá er biðlistinn í Reykjavík eftirfarandi:

Fjölskyldugerð	Árslok 2017	01. sep. 2018
Einhleypir karlar	446	432
Einhleypar konur	241	252
Einstæðir feður	11	11
Einstæðar mæður	205	203
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	10	14
Hjón/sambýlisfólk með börn	41	32
<b>Samtals</b>	<b>954</b>	<b>944</b>

**b. Hver er meðalbiðtími fólks á biðlistanum eftir húsnæði?**

Stærð íbúðar	Einstaklingsíbúð	2. herb.	3. herb.	4. herb.	5. herb.
Biðtími í mánuðum	36	36	27	14	90

Leitað var eftir upplýsingum frá Reykjavík varðandi meðalbiðtíma eftir húsnæði og þar er 38 mánaða meðalbiðtími miðað við úthlutanir árið 2017.

**3. Hversu margar íbúðir hefur Hafnarfjarðarbær keypt inn í félagslega húsnæðiskerfið á síðustu fjórum árum, sundurliðað eftir árum, þ.e. 2014, 2015, 2016 og 2017?**

Árið	2014	2015	2016	2017	2018
Fjöldi	0	0	4	8	9

Hafnarfjörður 13. september 2018  
Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri  
Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri.